

Fundarnúmer:	103
Dagsetning:	08.10.2008
Tími:	15:30
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

103. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 8. október 2008 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Dagskrá:

1. Kl. 16:00 Viðræður við leikskólastjóra.
2. Kl. 16:45 Viðræður við skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir mætir á fundinn til viðræðna við fræðsluráð. Farið yfir helstu forsendur við gerð fjárhagsáætlunar 2009 og stöðu leikskólans gagnvart fjárhagsáætlun 2008. Guðrún Lára lagði fram ýmsar lykiltölur úr skólastarfinu m.a. fjölda barna á leikskólanum og aldursskiptingu þeirra, lista yfir starfsmenn og starfshlutfall þeirra.

2. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn til viðræðna við fræðsluráð. Farið yfir helstu forsendur við gerð fjárhagsáætlunar 2009. Gert er ráð fyrir að skólaárið 2009-2010 verði núverandi fyrsta bekk skipt, en núverandi fimmti bekkur verði sameinaður, kennslustundir á viku verði því 485. Farið yfir starfsmannamál, rætt um nýtt starfssvið umsjónarmanns skólamannvirkja, viðhaldspörf skólamannvirkja og óskir um búnaðarkaup.

Af hálfu grunnskóla sóttu fundinn Pálína Fanney Skúladóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir.

Kristín Eggertsdóttir sótti fundinn f.h. Foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra.

Af hálfu leikskólans sótti fundinn Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir.

Hörður Gylfason sótti fundinn f.h. Foreldrafélags leikskólans.

Gunnar Þorgeirsson og varamaður hans boðuðu forföll.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10

Gísli Már Arnarson(sign.), Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Örn Óli Andrésson(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).